

SVIÐSMYNDIR FYRIR STEFNU UM BÚSETUMYNSTUR OG DREIFINGU BYGGÐAR Í LANDSSKIPULAGSSTEFNU 2013-2024 - VINNUGÖGN



Mat á afleiðingum sviðsmynda	Vatn / sjór	Samfélag og byggð / Öryggi vegna náttúruvár	Landslag og ásýnd	Náttúra/Lífriki/vistkerfi	Losun gróðurhúsalofttegunda	Annað
<b>1. Óbreytt þróun dreifingar byggðar</b>						
Sviðsmynd sem gerir ráð fyrir að uppbygging verði jöfnum höndum á nýjum svæðum í dreifbýli og innan núverandi þéttbýlis. Lítil stjórnun er á dreifingu byggðar og vaxandi fjarlægðir eru milli heimilis, vinnustaðar og nærþjónustu. Hin dreifða búseta viðheldur og eftir atvikum eykur á ferðabörf og kallar á notkun einkabíla, en lítil áhersla er á sjálfbærar samgöngur. Grunnkerfi byggðar stækkar samfara uppbyggingu á nýjum svæðum en leitast er við að tryggja að veitukerfi standist kröfur um heilbrigði og hollustu.						
Jörðum er í auknum mæli skipt upp í smærri einingar og ræktanlegt land fer úr landbúnaðarnotum. Sýnilegar breytingar eru á ásýnd lands vegna búgarða- og frístundabyggðar. Verðmætt landbúnaðarland fer í vaxandi mæli undir byggð og skil milli dreifbýlis og þéttbýlis eru óljós á einstökum svæðum landsins.						
Íbúðir eru í auknum mæli reistar á verðmætu landbúnaðarsvæði og í einstaka tilfellum á svæðum sem njóta verndar eða hafa verndargildi.						
<b>2. Stýrð þróun byggðar með svæðisbundnum áherslum</b>						
Sviðsmynd sem gerir ráð fyrir að uppbygging byggðar fari fyrst og fremst fram innan núverandi þéttbýlis, en það eru fá valin svæði þar sem búseta án tengsla við búskap er heimil. Við skipulag byggðar er leitast við að þetta byggð og stuðla að því að stytta vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og nærþjónustu. Stuðlað er að sjálfbærum samgöngum og dregið úr ferðabörf og akstri einkabíla, m.a. með því að færa þjónustuna nær íbúunum. Grunnkerfi núverandi byggðar er styrkt og tryggt að veitukerfi standist kröfur um heilbrigði og hollustu.						
Skýr skil eru að jafnaði á milli dreifbýlis og þéttbýlis og áhersla er lögð á varðveislu landslagsheilda og yfirbragðs landbúnaðarsvæða. Uppbygging frístundabyggðar er á skilgreindum og afmörkuðum svæðum. Dregið er úr uppskiptingu lands, verðmætu og samfelldu landbúnaðarlandi er viðhaldið með tilliti til fæðuöryggis og varðveislu landgæða.						
Íbúðir eru að jafnaði ekki reistar á verðmætu landbúnaðarsvæðum og svæðum sem njóta verndar eða hafa verndargildi.						
<b>3. Stýrð þróun og þétting byggðar</b>						
Sviðsmynd sem gerir ráð fyrir að uppbygging byggðar fari fram innan núverandi þéttbýlis. Óheimilt er að stofna til búsetu í dreifbýlinu án tengsla við búskap. Við skipulag byggðar er leitast við að þetta byggð og stuðla að því að stytta vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og nærþjónustu. Stuðlað er að sjálfbærum samgöngum og dregið úr ferðabörf og akstri einkabíla, m.a. með því að færa þjónustuna nær íbúunum og blanda byggð. Grunnkerfi núverandi byggðar er styrkt og tryggt að veitukerfi standist kröfur um heilbrigði og hollustu.						
Skýr skil eru á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Uppbygging frístundabyggðar er eingöngu á skilgreindum og afmörkuðum svæðum og reistar eru skorður við að frístundabyggð breytist í íbúðarbyggð. Hömlur eru lagðar á uppskiptingu jarða og verðmætu og samfelldu landbúnaðarlandi er viðhaldið með tilliti til fæðuöryggis og varðveislu landgæða. Varðveisla landslagsheilda og yfirbragðs landbúnaðarlandslags er viðmið við framkvæmdir í dreifbýli, svo sem við mannvirkjagerð, landgræðsla og skógrækt.						
Íbúðir eru ekki reistar á verðmætum landbúnaðarsvæðum og svæðum sem njóta verndar eða hafa verndargildi.						